




Borgarstjórnin í Reykjavík



Reykjavík, 9. nóvember 2018

R18110060

61350

HBL/bp

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um eftirlit með reglugerðum um hávaðamengun

Á fundi borgarráðs þann 8. nóvember 2018 var svohljóðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vísað til meðferðar umhverfis- og heilbrigðisráðs:

Lagt er til að borgarráð samþykki að tryggja að eftirlit með framkvæmd reglugerðar um hávaðamengun í borginni verði fylgt til hins ítrasta og hafa þá í huga a) Leyfisveitingar þurfa að fylgja reglugerð um hljóðvist og hávaðamörk: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/724-2008>. Oftar en ekki eru leyfi samþykkt umfram tíma sem tengist næturró, sem gildir frá klukkan 23 til 7, samkvæmt reglugerð. Einnig er áberandi að hávaðamörkum fyrir þann tíma er ekki fylgt. Til dæmis fær Airwaves tónlistarhátíðin leyfi til klukkan 2 föstudag og laugardag fyrir útitónleika í þaklausu porti Listasafns Reykjavíkur. Lýðheilsa íbúanna og friðhelgi einkalífs eru neðarlega á lista þeirra sem samþykkja slík leyfi hávaðaafla, sem halda vöku fyrir íbúum og hótलगestum, í boði Reykjavíkurborgar. b) Mikilvægt er að beita viðurlögum, sektum og leyfissviftum þegar leyfishafi brýtur lög og reglur um hljóðvist og hávaðamengun. Í dag eru leyfi veitt ár eftir ár þrátt fyrir brot á reglugerð, sem hefur bein áhrif á lýðheilsu íbúanna. c) Íbúalýðræði, grenndarkynningar og samstarf við íbúasamtök þarf að vera virkt og lausnamiðað með hag íbúa miðborgar í huga. d) Gera þarf skýran greinarmun á vínveitingaleyfi og hávaðaleyfi sem tengist reglugerð um hljóðvist og hávaðamengun. e) Hátalarar utan á húsum skemmtistaða og veitingastaða miðborgar verði fjarlægðir.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Hjálagt:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um eftirlit með reglugerðum um hávaðamengun

BORGARRÁÐ 8. nóvember 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um eftirlit með reglugerðum um hávaðamengun - R18110060

Lagt er til að borgarráð samþykki að tryggja að eftirlit með framkvæmd reglugerðar um hávaðamengun í borginni verði fylgt til hins ítrasta og hafa þá í huga a) Leyfisveitingar þurfa að fylgja reglugerð um hljóðvist og hávaðamörk:

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/724-2008>. Oftar en ekki eru leyfi samþykkt umfram tíma sem tengist næturró, sem gildir frá klukkan 11pm til 7am, samkvæmt reglugerð. Einnig er áberandi að hávaðamörkum fyrir þann tíma er ekki fylgt. Til dæmis fær Airwaves tónlistarhátíðin leyfi til klukkan 2am föstudag og laugardag fyrir útitónleika í þaklausu porti Listasafns Reykjavíkur. Lýðheilsa íbúanna og friðhelgi einkalífs eru neðarlega á lista þeirra sem samþykkja slík leyfi hávaðaafla, sem halda vöku fyrir íbúum og hótलगestum, í boði Reykjavíkurborgar. b) Mikilvægt er að beita viðurlögum, sektum og leyfissviftingum þegar leyfishafi brýtur lög og reglur um hljóðvist og hávaðamengun. Í dag eru leyfi veitt ár eftir ár þrátt fyrir brot á reglugerð, sem hefur bein áhrif á lýðheilsu íbúanna. c) Íbúalyðræði, grenndarkynningar og samstarf við íbúasamtök þarf að vera virkt og lausnarmiðað með hag íbúa miðborgar í huga. d) Gera þarf skýran greinarmun á vínleyfingaleyfi og hávaðaleyfi sem tengist reglugerð um hljóðvist og hávaðamengun. e) Hátalarar utan á húsum skemmtistaða og veitingastaða miðborgar verði fjarlægðir.

Greinargerð

Í greinargerð vill Flokkur fólksins áfram nefna eftirfarandi þætti:

f) Samstarf lögregluftirlits og íbúa þarf að vera skýrt, og hávaðamælar í farsímum ætti að vera hluti af vinnuaðferð lögreglunnar. Í dag berast kvartanir og ábendingar til lögreglunnar ekki inn á borð stjórnenda Reykjavíkurborgar.

g) Styrk hávaðans mældur í desíbelum.

h) Tónhæð hávaðans.

i) Hvort hávaðinn er stöðugur eða breytilegur.

j) Dagleg tímalengd hávaðans.

k) Hvenær tíma sólarhringsins hávaðinn varir.

l) Heildartímabil, sem ætla má að hávaðinn vari (dagar/vikur).

Kvartanir yfir hávaða m.a. vegna Airwaves, Inni/Úti púkans og fleiri útihátíða hafa borist frá þeim íbúum sem búa í nágrenninu. Svo virðist sem íbúar séu ekkert spurðir álits þegar verið er að skipuleggja hátíðar á borð við þessa sem er vís til að mynda hávaða. Minnt er á að til er reglugerði um þetta og hvað varðar aðra hljóðmengun þá er ekki séð að eftirlit sem framfylgja á í samræmi við reglugerðina sé virkt. Í reglugerð er kveðið á um ákveðin hávaðamörk og tímasetningar. Fjölgun hefur orðið á alls kyns viðburðum sem margir hverjir mynda hávaða, ekki síst þegar hljómsveitir eru að spila. Á tímabilum er gegndarlaus hávaði í miðborgin og erfitt fyrir fólk sem í nágrenninu að ná hvíld. Hér er um lýðheilsuátt og friðhelgi einkalífs að ræða.

Margt fólk hefur kvartað í lýðræðisgáttina en ekki fengið nein svör, eða ef fengið svör, þá eru þau bæði loðin og óljós.

Þeir sem bent hafa á þetta segja að svo virðist sem ábendingar séu hunsaðar og að ábendingavefur borgarinnar sé bara upp á punt. Látið er í það skína að hlustað sé á kvartanir en ekkert er gert. Svo virðist sem deildir og svið borgarinnar starfi ekki saman í það minnsta er eitthvað djúpstætt samskiptaleysi í gangi.

Vínveitingaleyfi í borginni hafa margfaldast og er miðborgin að verða einn stór partýstaður. Minnt er á að í borginni býr fólk, fjölskyldur með börn. Íbúum miðborgarinnar er sýnd afar lítil tillitssemi og er gild ástæða til þess að vekja athygli á þeirri staðreynd í tengslum við hina 'grænu' áherslu Reykjavíkurborgar að hávaðamengun er líka mengun.

✉ Frá fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs 18. maí 2022

Búið til	31.5.2022 13:18:06
Höfundur	Árný Sigurðardóttir
Móttekið dags.	19.5.2022 11:25:13
Tilheyrir	HER22010002 - 2022-Fundir Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur

Efni

Frá fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs 18. maí 2022

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	19.5.2022 11:25:13	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	00.00 Yfirstjórn og stjórnarsýsla – almennt efni		
Lykilorð	fundir, fundargerðir		

Þátttakendur

Frá	Sigurjóna Guðnadóttir (Sigurjona.Gudnadottir@reykjavik.is)
Til	arny.sigurdardottir@reykjavik.is, rosa.magnusdottir@reykjavik.is

Innihald

Frá fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs dags. 18. maí 2022:

10. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um eftirlit með reglugerðum um hávaðamengun

Mál nr. US220095

Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sem lögð var fram í borgarráði 8. nóvember 2018 og vísað til meðferðar umhverfis- og heilbrigðisráðs: Lagt er til að borgarráð samþykki að tryggja að eftirlit með framkvæmd reglugerðar um hávaðamengun í borginni verði fylgt til hins ýtrasta og hafa þá í huga a) Leyfisveitingar þurfa að fylgja reglugerð um hljóðvist og hávaðamörk:
<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/724-2008>. (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.reglugerd.is%2Freglugerdir%2Fallar%2Fnr%2F724-2008&data=05%7C01%7Carny.sigurdardottir%40reykjavik.is%7Cd1efd107a57a4ccf56aa08da398a3dda%7C6>)

aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637885563152733857%7CUnknown%7CTWFpGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQljoiv2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=ZewH1A1St38LFKQB5VFuX%2Fd1LhrcpMy5ZbIDgWzUI5s%3D&reserved=0) Oftar en ekki eru leyfi samþykkt umfram tíma sem tengist næturró, sem gildir frá klukkan 23 til 7, samkvæmt reglugerð. Einnig er áberandi að hávaðamörkum fyrir þann tíma er ekki fylgt. Til dæmis fær Airwaves tónlistarhátíðin leyfi til klukkan 2 föstudag og laugardag fyrir útitónleika í þaklausu porti Listasafns Reykjavíkur. Lýðheilsa íbúanna og friðhelgi einkalífs eru neðarlega á lista þeirra sem samþykkja slík leyfi hávaðaafla, sem halda vöku fyrir íbúum og hótलगestum, í boði Reykjavíkurborgar. b) Mikilvægt er að beita

viðurlögum, sektum og leyfissviptingum þegar leyfishafi brýtur lög og reglur um hljóðvist og hávaðamengun. Í dag eru leyfi veitt ár eftir ár þrátt fyrir brot á reglugerð, sem hefur bein áhrif á lýðheilsu íbúanna. c) Íbúalýðræði, grenndarkynningar og samstarf við íbúasamtök þarf að vera virkt og lausnamiðað með hag íbúa miðborgar í huga. d) Gera þarf skýran greinarmun á vínveitingaleyfi og hávaðaleyfi sem tengist reglugerð um hljóðvist og hávaðamengun. e) Hátalarar utan á húsum skemmtistaða og veitingastaða miðborgar verði fjarlægðir.

Tillöggunni fylgir greinargerð.

Vísad til umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Sigurjóna Guðnadóttir

Sérfræðingur, skrifstofu stjórnslu og gæða

Sími/Tel.: +354 411 8521 / 411 1111

sigurjona.gudnadottir@reykjavik.is (mailto:sigurjona.gudnadottir@reykjavik.is)



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is

(https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?

url=https%3A%2F%2Fwww.reykjavik.is%2F&data=05%7C01%7Carny.sigurdardottir%40reykjavik.is%7Cd1efd107a57a4ccf56aa08da398a3dda%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637885563152733857%7CUnknown%7CTWFpGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQljoiv2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=OUDthle0%2FVudQCSGWezoFbKoTfAKQ9Ya%2FrAKuI%2BSbo4%3D&reserved=0)

ÞAÐ ER AUÐVELT AÐ KOMA AÐ HÖFÐATORGI MEÐ VISTÆNUM HÆTTI

Lítu á hjólastigakortið (https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Freykjavik.is%2Fsites%2Fdefault%2Ffiles%2Fkort%2FHj_lrei_akort-litakort-2012.pdf&data=05%7C01%7Carny.sigurdardottir%40reykjavik.is%7Cd1efd107a57a4ccf56aa08da398a3dda%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637885563152733857%7CUnknown%7CTWFpGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQljoiv2luMzliLCJBTil6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=RTdeyZPNTOrOfF8oYTavshQ9ZnO6yebzunvFmUmCrI%3D&reserved=0) og veldu þér leið. Strætóleiðir 4 og 12 stoppa fyrir utan Höfðatorg, en auk þess er Hlemmur í göngufæri.

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

(https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.reykjavik.is%2Ftrunadur&data=05%7C01%7Carny.sigurdardottir%40reykjavik.is%7Cd1efd107a57a4ccf56aa08da398a3dda%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C63788556

3152733857%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWlloiMC4wLjAwMDAiLCJQljoiv2luMzliLCJBTiI6Ikk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=8OwZoZyzW35SUwAQNRO63u%2FpZ3JPRG07ftvInSFQH%2B4%3D&reserved=0)

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.



Reykjavík 20. júní 2022

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fékk senda til umsagnar tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins (US220095) um eftirlit með reglugerðum um hávaðamengun. Þar er lagt til að borgarráð samþykki að tryggja að eftirlit með framkvæmd reglugerðar um hávaðamengun í borginni verði fylgt til hins ítrasta og að eftirtaldir liðir verði hafðir í huga.

Almennt:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur framfylgir hávaðareglugerð og hollustuháttareglugerð sem báðar kveða á um hávaðamörk og ónæði í Reykjavíkurborg og önnur Heilbrigðiseftirlit á sínum svæðum. Lögregla sinnir framfylgd alls regluverks, þegar starfsfólk Heilbrigðiseftirlit er ekki að störfum t.d. á kvöldin og nóttu auk þess sem lögreglusamþykktir taka á ónæði og hávaða. Það er síðan rekstaráðila að fara að ákvæðum laga og reglna er um starfseminga gilda og hafa undirgengist slíkar skyldur, annars vegar við útgáfu starfsleyfa Heilbrigðiseftirlits og hins vegar rekstarleyfa Sýslumanns (áður vínveitingaleyfi) þar sem við á. Starfsleyfi taka til ákvæða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt lögum um matvæli nr. 1993/1995 og reglugerða byggða á þeim lögum sem heilbrigðisnefndir og viðkomandi Heilbrigðiseftirlit í þeirra umboði framfylgja. Rekstarleyfin byggja á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtistaði nr. 85/2007 og reglugerð byggða á þeim, sem Sýslumenn og Lögregla framfylgja.

Einstaka liðir:

Liðir a) og b): Öllum rekstaráðilum atvinnrekstrar ber að fara að hávaðamörkum sem sett eru í reglugerð um hávaða, óháð gerð starfsemi og tryggja að ónæði skapist ekki af rekstrinum. Mismunandi hávaðamörk eru eftir svæðum en ríkustu kröfurnar eru gerðar í hreinni íbúðarbyggð. Kröfur eru einnig ríkari á kvöldin og næturnar en starfsemi sem slík er ekki bönnuð á næturtíma svo lengi sem hávaðamörk séu virt og ekki skapist ónæði. Ef upp koma kvartanir bregst Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur við í öllum tilvikum og rannsakar málið, þ.á.m. að beita skynmati og mælingum til að meta ónæði eftir því sem við er komið. Þess ber þó að geta að kvartanir berast sjaldnast í rauntíma og því ekki hægt að meta ákveðið umkvörtunarefni eftir á. Í kjölfarið eru gerðar kröfur um úrbætur ef við á og rekstaráðila ávallt gerð grein fyrir kvörtun. Ætíð er beitt ákvæðum stjórnarsýslulaga vegna ákvarðana um aðgerðir; rannsóknaskyldu (sönnunarbyrði) og meðalhófi í kröfum sé það líklegt að geta borið árangur og eftir eðli máls. Sé ekki brugðist við gerðum kröfum er gripið til aðgerða s.s. að stytta opnunartíma, krefjast búnaðar á hljómflytningstæki sem takmarkar hljóðstig eða loka/banna notkun tiltekinna rýma eða búnaðar. Við sannanleg síendurtekin brot er unnt að grípa til harðari aðgerða svo sem sviftingu starfsleyfis.

Liður c): Íbúar er mál varða eða vilja koma með ábendingar geta haft samband við Heilbrigðiseftirlitið og er öllum erindum sinnt gagnvart þeim sem eru aðilar máls.



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Liður d) Ekki eru gefin út sérstök hávaðaleyfi, fyrirtæki fá starfsleyfi og rekstarleyfi (áður vínveitingaleyfi) sjá nánar í almennum texta. Rekstraraðilum er eins og áður sagði skylt að fara að ákvæðum þeirra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda, þ.m.t. hávaðareglugerð.

Liður e) Hátalara utan á húsum er hægt að gera kröfur um að fjarlægja, ekki síst ef þeir valda ónæði og eru slík ákvæði í Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík. Til upplýsingar þá hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur unnið að endurskoðun núgildandi reglugerðar um hávaða með umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu m.a. til að fá skýrari heimildir til krafna á fyrirtæki sem sannanlega eru að valda hávaða og ónæði í umhverfinu. Þau drög eru til vinnslu í ráðuneytinu ennþá.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri